



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 24. maí 2022

**Viðmiðunarreglur samninga- og félagaskiptanefndar
Grein 10.3 í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga**

Ágætu félagar.

Á fundi stjórnar KSÍ þann 19. maí sl. samþykkti stjórn KSÍ viðmiðunarreglur sem samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ ber að hafa til hliðsjónar við úrlausn á beiðnum um félagaskipti utan félagaskiptatímabils á grundvelli greinar 10.3 í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.

Umrædda undanþáguheimild sem kveðið er á um í grein 10.3 er að finna í 6. gr. reglugerðar FIFA um stöðu og félagaskipti leikmanna (FIFA Regulations on the status and transfer of players). Í athugasemdum við 6. gr. í greinargerð sem fylgdi reglugerð FIFA var sérstaklega tiltekið að aðildarsambönd skyldu koma á samræmdum reglum þar sem sett væru fram viðmið um notkun á undanþágunni. Við setningu reglna þessara var til þess litið sem og framkvæmdar samninga- og félagaskiptanefndar undanfarin ár og viðmiða sem aðildarsambönd á Norðurlöndum hafa sett sér

Hér að aftan er að finna reglurnar í heild sinni.

**Viðmiðunarreglur samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ
Undanþága um félagaskipti utan félagaskiptatímabils**

1. gr. Viðmiðunarreglur þessar eru settar vegna undanþáguheimildar sem kveðið er á um í grein 10.3. reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga, þar sem samninga- og félagaskiptanefnd er veitt heimild til að leyfa félagaskipti samningsleikmanns utan skilgreindra félagaskiptatímabila. Grein 10.3 hljóðar svo:

„Sé samningsleikmaður orðinn samningslaus áður en hann getur gengið til liðs við annað félag er samninga- og félagaskiptanefnd heimilt að leyfa félagaskipti hans á öðrum tíma. Skal það vera gert með sanngirni og íþróttamennsku í huga og án þess að það hafi neikvæð áhrif á þá keppni sem leikmaðurinn verður hlutgengur til þess að taka þátt í.“

2. gr. Undanþáguheimildin er rakin til 6. gr. reglugerðar FIFA um stöðu og félagaskipti leikmanna (FIFA Regulations on the status and transfer of players). Í athugasemdum við 6. gr. í greinargerð sem fylgdi reglugerð FIFA var sérstaklega tiltekið að aðildarsambönd skyldu koma á samræmdum reglum þar sem sett væru fram viðmið um notkun á undanþágunni. Við setningu reglna þessara var til þess litið sem og framkvæmdar samninga- og félagaskiptanefndar undanfarin ár og viðmiða sem aðildarsambönd á Norðurlöndum hafa sett sér.

3. gr. Við mat á því hvort veita skuli undanþágu á grundvelli greinar 10.3. í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga, ber nefndinni að hafa sanngirni og íþróttamennsku í huga og meta hvort félagaskipti hafi neikvæð áhrif á þá keppni sem leikmaðurinn verður hlutgengur til þess að taka þátt í. Við mat á framangreindu skal eftirfarandi haft að leiðarljósi:

- a) Undanþáguheimildin tekur aðeins til samningsleikmanna (e. professional player). Leikmaður þarf því að hafa verið samningsleikmaður hjá fyrra félagi til þess að heimildin komi til skoðunar. Þá má samningsleikmaður ekki hafa leikið sem sambandsleikmaður (e. amateur player) eftir að fyrri leikmannssamningur hans rann út.
- b) Undanþáguheimildin tekur aðeins til samningslausra leikmanna og þarf fyrri samningur leikmanns að hafa runnið sitt skeið eða verið rift/sagt upp fyrir lok síðasta félagaskiptatímabils, þ.e. áður en síðasta félagaskiptatímabili (félagaskiptaglugga) á Íslandi lauk.
- c) Undanþáguheimildina má aðeins veita að hámarki vegna einna félagaskipta í hvert samningsfélag á hverju keppnistímabili.
- d) Undanþáguheimildina skal ekki veita ef félag á færri en fimm leiki eftir í mótum sem viðkomandi félag tekur þátt í á viðkomandi keppnistímabili.
- e) Þegar umsókn er metin skal horfa til þess hvort leikmaður hafi verið virkur í samningsumleitunum við félag án árangurs frá því að síðasti samningur leikmannsins rann sitt skeið eða var rift/sagt upp.
- f) Undanþáguheimildinni er fyrst og fremst ætlað að vernda réttindi og þarfir leikmanns til að viðhalda sínum atvinnuferli sem leikmaður. Þegar umsókn er metin skulu því almennt þarfir leikmanns til þess að viðhalda sínum atvinnuferli sem leikmaður hafðar að leiðarljósi og ekki horft til þess hvort viðkomandi félag hafi þörf á að bæta við sig leikmanni.

4. gr. Viðmiðunarreglur þessar taka þegar gildi við samþykki stjórnar KSÍ.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaða.

Kolbrún Arnardóttir

Kolbrún Arnardóttir,
lögfræðingur hjá KSÍ